

Hagsmunaaðilar og opinberir aðilar

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 27. febrúar 2024

Tilv.: 2311003

Efni: Beiðni um umsögn vegna kaupa Síldarvinnslunnar á 50% eignarhlut í Ice Fresh Seafood ehf. af Samherja hf.

Tilfni þessa bréfs eru framangreind kaup Síldarvinnslunnar á helmingshlut í Ice Fresh Seafood ehf. af Samherja, en viðskiptin hafa verið tilkynnt til Samkeppniseftirlitsins sem samruni. Með viðskiptunum munu Síldarvinnslan og Samherji sameiginlega ráða yfir Ice Fresh Seafood, og félagið mun framvegis sjá um sölu og markaðssetningu þeirra afurða sem bæði Samherji og Síldarvinnslan framleiða, þ.e. íslenskar sjávarafurðir.

Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað stuttlega um tengsl milli Síldarvinnslunnar og Samherja, m.a. í ákvörðunum nr. 2/2021 og 28/2022¹ þar sem gerð er grein fyrir talsverðum stjórnunar-, eigna- og viðskiptatengslum milli Síldarvinnslunnar og Samherja, ásamt Gjögur hf./Kjálkanesi hf. Hafa slík atriði verið talin veita vísbendingu um að stofnast hafi mögulega til yferráða í Síldarvinnslunni, og jafnvel sameiginlegra yferráða í Síldarvinnslunni og Samherja, umfram það sem áður hefur komið fram í tilkynningum til Samkeppniseftirlitsins. Ekki hefur hins vegar verið talin þörf á því að slá þessu föstu í fyrri samrunamálum.

Í þeirri rannsókn Samkeppniseftirlitsins sem nú er hafin vegna Síldarvinnslunnar, Samherja og Ice Fresh Seafood, koma sérstaklega til álitu að mati Samkeppniseftirlitsins umrædd tengsl fyrirtækjanna tveggja bæði fyrir og eftir samrunann, þar með talið hvort umrædd kaup Síldarvinnslunnar á helmingshlut í Ice Fresh Seafood leiði til þess að að Samherji og Síldarvinnslan séu eitt og sama fyrirtækið, eða ein efnahagsleg eining í skilningi samkeppnislaga, fyrir og/eða eftir samrunann, enda bætist með honum við samstarf og önnur tengsl fyrirtækjanna. Hefur hér einnig þýðingu að í umræddum gerningi felst m.a. að sölustarfsemi Síldarvinnslunnar færast alfarið til Ice Fresh Seafood.

Téð kaup teljast fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 samkvæmt tilkynningu aðila og er samruninn því háður samþykki Samkeppniseftirlitsins. Nánari upplýsingar um samrunann má finna í svonefndri samrunaskrá sem er meðfylgjandi bréfi þessu.² Samkeppniseftirlitið hefur það hlutverk samkvæmt samkeppnislögum að rannsaka samruna og ber í því sambandi að leggja mat á það hvort og hvernig breytingar á yferráðum eru að eiga sér stað, og hvort samruni fyrirtækja raski samkeppni með umtalsverðum hætti og skaði þar með hagsmuni almennings og/eða atvinnulífs. Við mat á áhrifum samruna á samkeppni geta sjónarmið hagsmunaaðila haft verulega þýðingu.

Til upplýsingar þá hefur Samkeppniseftirlitið í samrunamálum er varða sjávarútveg skilgreint eftirfarandi markaði; (i) markaður með aflahlutdeildir, (ii) markaður fyrir veiðar, annars vegar á

¹ Ákvörðun nr. 2/2021 Samruni Bergs-Hugins ehf. (Síldarvinnslan hf.) og Bergs ehf. og ákvörðun nr. 28/2022 Samruni Síldarvinnslunnar hf. og Vísis hf.

² Trúnaðarupplýsingar hafa verið felldar út.



botnfiski og hins vegar á uppsjávarfiski, (iii) markaður fyrir sölu á afla til vinnslu á fiski innanlands, (iv) markaður fyrir seldan afla á fiskmarkaði og (v) markaður fyrir beinan útflutning á fiskafli. Þá kemur til greina í þessu máli að skilgreina sérstakan markað varðandi markaðs- og sölustarfsemi vegna eigin sölu og útflutnings.

Í tengslum við rannsókn málsins óskar Samkeppniseftirlitið eftir eftirfarandi upplýsingum frá fyrirtæki þínu vegna rannsóknar málsins:

1. Sjónarmiðum og/eða upplýsingum um stjórnunar-, eignar- og viðskiptatengsl milli Síldarvinnslunnar og Samherja, og eftir atvikum Gjögur hf./Kjálkanes hf.

Óskað er eftir sjónarmiðum og/eða upplýsingum um hvort mögulega eigi að líta á framangreind fyrirtæki sem eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnislaga, og hvort sameiginleg yferráð Síldarvinnslunnar og Samherja í Ice Fresh Seafood hafi áhrif í því samhengi.

2. Almennum sjónarmiðum um áhrif fyrirhugaðs samruna, m.a. hvort hann geti haft neikvæð áhrif í sjávarútvegi og/eða á samkeppni á mörkuðum málsins.

Er þess óskað að umsögnin verði send á netfangið thorolfur.h.thorsteinsson@samkeppni.is. Um heimild Samkeppniseftirlitsins til að afla upplýsinga vegna málsmeðferðar og skyldu til þess að svara tímanlega vísast til 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Innihaldi umsögn trúnaðarupplýsingar er mikilvægt að slíkt komi fram og að Samkeppniseftirlitinu berist einnig afrit af svarinu án trúnaðarupplýsinga, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Samkvæmt lögum ber Samkeppniseftirlitinu að ljúka meðferð samrunamála innan tiltekins tímaramma. Er því nauðsynlegt að gagnaöflun gangi eins hratt fyrir sig og unnt er. Er þess því vinsamlegast óskað að framangreindar upplýsingar og sjónarmið fyrirtækis yðar varðandi áhrif samrunans beristi eigi síðar en **4. mars nk.**

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið